



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 11. febrúar 2015
Tilvísun: 2015010219/ 08.02
Tilvísun yðar: 376. mál

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Umsögn – frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (uppfærsla kerfisins, EES-reglur).

Með vísan til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 28. janúar sl., sendist yður umsögn ríkislögreglustjóra um frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (uppfærsla kerfisins, EES-reglur), 376. mál.

Ríkislögreglustjóri er í grundvallaratriðum hlynntur meginefni frumvarpsins. Ríkislögreglustjóri gerir þó athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins. Það er almennt viðurkennd réttarregla að heimilt sé að kæra ákvörðun til æðra stjórnvalds, sé það á annað borð til staðar. Þessi réttarregla er skráð í 26. gr. stjórnáskilslutlaga nr. 37/1993. Þrátt fyrir að Persónuvernd hafi samkvæmt lögnum ákveðið eftirlitshlutverk, liggur fyrir að sú stofnun er ekki æðra sett stjórnvald í skilningi stjórnáskilslutlaga. Í tilfalli embættis ríkislögreglustjóra er óumdeilt að innanríkisráðuneytið er hið æðra stjórnvald og því eðlilegt að ákvarðanir ríkislögreglustjóra sæti kæru til ráðuneytisins, hér eftir sem hingað til.

Í ljósi framangreinds telur ríkislögreglustjóri rétt að fella 5. gr. frumvarpsins brott í heild sinni.

Haraldur Johannessen / Páll Heiðar Halldórsson